

Ferðasöngvar og frumflutningur

Hrólfur Sæmundsson
baritón

Nína Margrét Grímsdóttir
píanó

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
föstudaginn 19. júní 2026 kl. 18:00

Hrólfur Sæmundsson hefur um árabíl sungið stærstu hlutverk óperubókmenntanna við óperuhús víða um heim. Hans helstu hlutverk þar hafa verið Macbeth, Wozzeck, Rigoletto, Germont (La Traviata), Don Carlo (La forza del destino), Don Carlo (Ernani) Miller (Luisa Miller), Rodrig (Don Carlo), Ford (Falstaff), Paolo (Simone Boccanegra), Escamillo (Carmen), Telramund (Lohengrin), Wolfram (Tannhäuser), Alberich (Rheingold og Götterdämmerung), Kurwenal (Tristan und Isolde), Lord Ruthven (Der Vampyr), Michele (I'll Tabarro), Sharpless (Madama Butterfly), Onegin (Evgeni Onegin), Tomsy (Pique Dame), Figaro (Il barbiere di Siviglia), Don Pizarro (Fidelio), Ori í „Au Monde“ eftir Philippe Boesmans, Greifinn (Brúðkaup Fígarós), Don Giovanni og Don Alfonso (Cosi fan tutte), auk fjölda annarra.

Hrólfur hefur einnig komið fram á Íslandi, við Íslensku Óperuna, í Þjóðleikhúsinu og á fjölda tónleika um allt land. Hann hefur sungið inn á upptökum hér heima og erlendis, til dæmis hina nýútgefnu óperu „Alpenkönig und Menschenfeind“ eftir Leo Blech. Hrólfur syngur þar titilhlutverkið. Þessi upptaka hefur einnig verið leikin í útvarpi í yfir 60 löndum, þar á meðal á Íslandi. Nýverið hóf Hrólfur frumraun sína við Teatro Real í Madrid þar sem hann söng í óperu Weinbergs, „Die Passagierin“. Einnig lék hann og söng hlutverk Rigoletto í nýútkominni kvikmynd. Næsta stórverkefni Hrólfs er hlutverk Wotans í heildarfrumflutningi Niflungahringins í Eistlandi.

Nína Margrét Grímsdóttir hefur komið víða fram sem einleikari, í kammertónlist og með hljómsveitum. Þar má nefna þrettán fylki Bandaríkjanna og fimm fylki Kanada. Hún hefur einnig farið tvisvar í tónleikaferðir um Kína, 2011 og 2013, og Japan 2006 auk tónleika víða um Evrópu á ferli sínum. Nína Margrét hefur verið gestur á tónlistarhátíðum hérlendis og erlendis meðal annars á Listahátíð í Reykjavík, Reykholtshátíð, Myrkum músíkdögum, Azaleu Festival og Whitehorse Circumpolar Festival. Hún hefur einnig

Efnisskrá

Ralph Vaughan Williams
1872–1958

Songs of Travel

ljóð Robert Louis Stevenson

- 1 *The Vagabond*
- 2 *Let Beauty Awake*
- 3 *The Roadside Fire*
- 4 *Youth and Love*
- 5 *In Dreams*
- 6 *The Infinite Shining Heavens*
- 7 *Whither Must I Wander*
- 8 *Bright Is the Ring of Words*
- 9 *I Have Trod the Upward and
the Downward Slope*

Hrólfur Sæmundsson
f. 1973

Sonnet no. 105

ljóð William Shakespeare

Mauersegler

ljóð Scarlett Gerwin

*Frumflutningur söngva við ljóð
eftir Gerði Kristnýju*

Pourquoi-pas

Ljóð um börn

Maðurinn með ljáinn

Edvard Grieg
1843–1907

Seks digte af Henrik Ibsen op. 25

- 1 *Spillemænd*
- 2 *En Svane*
- 3 *Stambogsrim*
- 4 *Med en Vandlilje*
- 5 *Borte*
- 6 *En Fuglewise*

hlotið styrki og viðurkenningar, meðal annars frá ráðuneytum mennta- og menningarmála, Reykjavíkurborg, American-Scandinavian Foundation, American-Scandinavian Society og British Council.

Nína Margrét er stofnandi og listrænn stjórnandi tónleikaraða í Hörpu, Salnum og Gerðubergi 2001–19 auk tónleikaraða í New York. Hljóðritun hennar fyrir BIS Records 2001 af píanóverkum dr. Páls Ísólfssonar var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna og útgefin doktorsritgerð Nínu Margrétar um píanóverk Páls ásamt meistaraprófsritgerð hennar um íslenska píanótónlist hafa vakið verðskuldaða athygli á menningararfi landsins erlendis. Hljóðritanir hennar fyrir NAXOS á einleiks- og kammerverkum Mendelssohn og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hafa fengið lof í erlendum fjölmiðlum m.a. Gramophone Awards Issue, BBC Music Magazine, American Record Guide, Fanfare, Glasgow Herald, Göteborgsposten, Crescendo-Magazine, Xí'an Evening News og High Fidelity. Nína Margrét hefur hljóðritað pólsk og norsk einleiks- og kammerverk fyrir ACTE PRÉALABLE, einleiksverk Mozart og Mendelssohn fyrir SKREF og einnig komið fram í útvarpi og sjónvarpi innanlands og erlendis.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert*